



ÁRTÚNSSKÓLI

LEIKSKÓLI - GRUNNSKÓLI - FRÍSTUNDAHEIMILI
ÁRANGUR - VIRÐING - VELLÍÐAN

Áætlun um foreldrasamstarf



Foreldrasamstarf

Rannsóknir benda til þess að þegar foreldrar taka þátt í skólastarfi sé frammistaða nemenda betri, sjálfstraust meira og viðhorf nemendanna jákvæðara. Fjarvistir og brottfall úr skólum er minna, kennarar ánægðari, foreldrar skilningsríkari og andrúmsloftið í bekknum jákvæðara.

Markmið foreldrasamstarfs

- að foreldrar fái tækifæri til að sjá barnið sitt vinna, kynna skólaverkefni og koma fram
- að foreldrar og kennarar skipstist á upplýsingum um nám, líðan og hagi nemandans
- að skólinn finni að foreldrum er umhugað um menntun barnsins og barnið finni að foreldrarnir hafa áhuga á starfi þess
- að upplýsa foreldra um framfarir barnsins, vinnu þess og hlusta eftir viðhorfum þeirra
- að skólinn geti útskýrt ákvarðanir sem snerta einstaka nemendur og hjálpað foreldrum að finna leiðir til að aðstoða börn sín

Markmið um foreldrasamskipti úr Aðalnámsskrá

Í kafla 7.7 í almennum hluta Aðalnámsskrár 2011 segir: „Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla. Upplýsingagjöf milli heimila og skóla og samráð kennara og foreldra um nám og kennslu er mikilvæg forsenda fyrir árangursríku skólastarfi. Skólar bera ábyrgð á að slíkt samstarf komist á og því sé viðhaldið alla skólagöngu barnsins. Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna“.

Samstarfsverkefni Ártúnsskóla og heimilanna

Samskiptadagar

Markmið:

- að fá nemendur til að vera virka á foreldrafundum
- að nemendur taki sjálfir ábyrgð á námi sínu og leggi metnað í vinnu sína
- að upplýsa foreldra um framfarir og gengi barnsins í skólanum

Kynslóðir mætast, eldri kynslóðinni boðið í heimsókn í skólann

Markmið:

- að efla frumkvæði, sjálfstraust og félags- og tilfinningaþroska
- að efla ábyrgð og samstöðu nemenda þar sem allir hafa eitthvert hlutverk eða starf með höndum
- að treysta samband heimila og skóla

Föstudagssamvera

Markmið:

- að efla frumkvæði, sjálfstraust og félags- og tilfinningaþroska
- að efla ábyrgð nemenda sem þátttakenda í hópastarfi
- að efla sköpunargáfu nemenda og frumkvæði
- að treysta samband milli heimila og skóla

Jólaskemmtun

Markmið:

- að efla frumkvæði, sjálfstraust og félags- og tilfinningaþroska nemenda í 6. bekk
- að nemendur skólans beri ábyrgð gagnvart skólanum og heimilum um framkvæmd jólahátíðar skólans
- að efla samvinnu nemenda þar sem allir hafa eitthvert hlutverk eða starf með höndum til þess að verkefnið gangi upp
- að treysta samband milli heimila og skóla

Menningarvaka

Markmið:

- að efla frumkvæði, sjálfstraust og félags- og tilfinningaþroska nemenda í 7. bekk
- að efla ábyrgð og samstöðu nemenda þar sem allir hafa eitthvert hlutverk eða starf með höndum
- að treysta samband milli heimila og skóla
- að halda uppi markvissum og jákvæðum tengslum foreldra við skólann

Kynningarfundir

Markmið:

- að kynna námsáætlanir, markmið og starf vetrarins

Foreldrakaffi

Markmið:

- að treysta samband heimila og skóla
- að kynnast vinnustað nemandans
- að hitta aðra foreldra og efla tengsl þeirra á milli

Fundur að vori fyrir verðandi 1. bekkinga

Markmið:

- að kynna foreldrum verðandi fyrstu bekkinga starfsemi skólans

Skólapóstur og mentor

Markmið:

- að veita foreldrum upplýsingar um starfið í skólanum og einstökum bekkjum

Umsagnabækur

Markmið:

- að nemendur meti sjálfir hegðun sína og ástundun í samvinnu við foreldra
- að veita upplýsingar til heimilanna um hegðun og ástundun nemenda

Heimasíða

Markmið

- að upplýsa foreldra um starfið í skólanum

Grenndarskógur

Markmið

- að kynna fyrir foreldrum starf nemenda í útinámi

Umhverfisráð (foreldrar, kennarar og nemendur eiga fulltrúa í ráðinu)

Markmið

- að hafa áhrif og taka þátt í starfi umhverfisráðs skólans sem tengiliðir skólasamfélagsins

Skólaráð

- Skv. lögum um grunnskóla nr.91/2008

8. gr.

Skólaráð.

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólalaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi skólaráða í samráði við samtök sveitarfélaga, kennara og foreldra.

Heimanám

- Lestur krefst mikillar þjálfunar og mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn aðstoði börnin við þessa þjálfun alla skólagönguna. Rannsóknir sýna að gott samstarf foreldra og kennara er árangursríkasta leiðin til að tryggja lestrargetu barna (Nanna Kristín Christiansen, 2010)
- Heimanámsáætlun er send heim með nemendum í 1. – 3. bekk
- Nemendur í 4. – 7. bekk skrá heimavinnu sína í skólakompu í skólanum og læra þannig að bera ábyrgð á heimanámi sínu
- Kennarar í 4. – 7. bekk skrá heimavinnu jafnframt í mentor til nánari upplýsingar fyrir foreldra
- Að heimanám komi tímanlega, sé hóflegt að magni og skilað á réttum tíma

Foreldrafélag Ártúnsskóla

Foreldrafélag Ártúnsskóla stendur fyrir viðburðum til að styrkja samstarf skóla og heimila. Nokkrir viðburðir hafa fest sig í sessi, þar má nefna

- Jólaföndur
- Páskabingó
- Spilakvöld
- Vorverkadagur
- Kynning fyrir bekkjarfulltrúa sem foreldrafélagið heldur í samstarfi við skólastjórnendur.

Heimildaskrá

Aðalnámsskrá grunnskóla, almennur hluti, 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Reykjavík.

Nanna Kristín Christiansen, 2010. **Skóli og skólaforeldrar, ný sýn á samstarfið um nemandann.** Nanna Kristín Christiansen. Reykjavík.

Lög um grunnskóla, 2008.

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=d43fd486-c36f-43b3-be74-8ed4e265dd93>